

# STJÓRNARTÍÐINDI B 81 – 2002

10. júlí 2002

1309

Nr. 484

## REGLUGERÐ

**um bann við veiðum með fiskibotnvörpu við Suðausturland án smáfiskaskilju.**

1. gr.

Á svæði við Suðausturströndina eru veiðar með fiskibotnvörpu aðeins heimilar að varpan sé búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 278, 4. apríl 2001, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju. Svæðið markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 64°05'64 N – 13°14'96 V | 8. 64°44'15 N – 11°58'19 V  |
| 2. 64°03'00 N – 13°12'20 V | 9. 64°50'70 N – 12°07'73 V  |
| 3. 64°07'00 N – 13°00'50 V | 10. 64°33'00 N – 12°40'00 V |
| 4. 64°25'57 N – 12°25'00 V | 11. 64°25'00 N – 12°34'00 V |
| 5. 64°33'28 N – 12°31'36 V | 12. 64°16'00 N – 12°46'80 V |
| 6. 64°36'73 N – 12°20'81 V | 13. 64°08'00 N – 13°02'55 V |
| 7. 64°34'46 N – 12°13'45 V |                             |

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 12. júlí 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. júlí 2002.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eypórsson.*